



Til bæjarráðs

Kópavogi, 22. ágúst 2022
2207285/900.03 BR

Efni: Umsögn umhverfissviðs varðandi fyrirspurn um hundasvæði í Kópavogi

Á fundi bæjarráðs 18. ágúst 2022 var vísað til umsagnar umhverfissviðs fyrirspurn um hundasvæði í Kópavogi. Þar er óskað eftir að útbúið verði lausagöngusvæði fyrir hunda, þar sem það svæði sem hingað til hefur verið nýtt mun leggjast af þegar farið verður í gatnagerð og byggingarframkvæmdir á Vatnsendahæð (Vatnsendahvarfi).

Umhverfis- og samgöngunefnd samþykkti í mars 2018 tillögu um hundasvæði á Vatnsendaheiði í nágrenni Guðmundarlundar og vísaði til úrvinnslu umhverfissviðs. Í kjölfarið var hagsmunaðilum á svæðinu, þ.e. skógræktarfélagi Kópavogs og hestamannafélaginu Sprett, tilkynnt um fyrirhugað hundasvæði og leitað álits þeirra í takt við góða stjórnsýsluhætti. Bæði félögin lögðust gegn þessum fyrirætlunum þar sem m.a. var bent á að „lausaganga hunda á eða nálægt útivistarsvæði er mörgum til ama og getur einnig haft í för með sér slyshættu“ og að „Stjórn hestamannafélagsins Sprettis er mjög mótfallin svæði fyrir lausagöngu hunda í nágrenni við Guðmundarlund og hafnar erindinu alfarið.

Á þessu svæði eru margar reiðleiðir og fer lausaganga hunda ekki saman við ríðandi umferð og skapar þetta mikla slyshættu.“

Var frekari vinnu við hundasvæðið hætt í kjölfarið.

Á fundi skipulagsráðs 6. maí 2019 var samþykkt að unnin yrði tillaga að breyttu deiliskipulagi í austurhluta Fossvogsdals þar sem afgirt hundagerði yrði staðsett á svæði við göngustíga neðan Álfatúns. Deiliskipulagstillagan var síðar kynnt með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga og barst fjöldinn allur af athugasemdum frá íbúum þar sem fyrirætlunum var mótmælt harðlega. Bent var á aukna umferð í húsagötum sem liggja næst hundagerðinu, hávaðamengun frá geltandi hundum auk ýmissa annarra atriða sem of langt væri að telja upp.

Hætt var við frekari vinnu við hundagerði í Fossvogsdal í kjölfarið.

Þar sem Kópavogsbær er orðinn þéttbyggður má búast við að fyrirætlanir um hundagerði á öðrum stöðum í bænum muni hljóta sömu örlög. Helst væri hægt að koma fyrir hundasvæði á áður nefndum stað á Vatnsendaheiði innan við Guðmundarlund ef það svæði yrði girt af á alla kanta og útbúnar yrðu gönguleiðir innan svæðisins. Slík framkvæmd yrði þó talsvert dýr og þyrfti að breyta deiliskipulagi og hafa sérstaka fjárheimild til framkvæmdarinnar ef vel á að vera.

Virðingarfyllt,


Kópavogsbær
Umhverfissvið

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar